



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



Umsókn um reikningsviðskipti hjá Verslunartækni & Geiri ehf.

Nafn viðskiptaaðila/manns: _____

Kennitala: _____

Heimilisfang: _____

Póstnúmer: _____

Bæjarfélag: _____

Starfsemi: _____

Tengiliður: _____

Sími: _____

Netfang: _____

Áætluð reikningsviðskipti á mánuði

Með undirskrift hér að neðan koma undirritaður/uð sig/fyrirtæki og Verslunartækni & Geiri sér saman um eftifarandi viðskiptaskilmála vegna kaupa undirritaðs á vörum og/eða þjónustu á grundvelli reikningsviðskipta. Jafnframt staðfestir undirritaður/uð með undirskrift sinni að hann/hún hafi mótttekið viðskiptaskilmála félagsins sem jafnframt eru aðgengilegir á heimasíðu félagsins

Dagsetning: _____

F.h. viðskiptaaðila/manns: _____

F.h. Verslunartækni & Geiri ehf: _____



Viðskiptaskilmálar Verslunartækni & Geiri ehf.

Aðilar koma sér saman um eftirfarandi skilmála við kaup vörum og/eða þjónustu úr hendi Verslunartækni & Geiri ehf. Lætur viðskiptavinum sínum í té.

1. Gildissvið

Viðskiptaskilmálar þessir, eins og þeir eru á hverjum tíma, gilda um alla vörum og þjónustu sem Verslunartækni & Geiri ehf. lætur viðskiptavinum sínum í té.

Vara og þjónusta fellur undir þessa skilmála eftir að Verslunartækni & Geiri hefur fallist á þöntun viðskiptamanns með því að staðfesta hana með samningi eða öðrum formlegum hætti s.s. samþykktu tilboði, afhenda kaupanda vörum eða inna af hendi þjónustu.

Viðskiptamaður er sá sem reikningur er stílaður á.

Sá sem fyllir út umsókn um reikningsviðskipti hjá Verslunartækni & Geiri skal hafa kynnt sér skilmála þessu og samþykka þá fyrir hönd viðskiptamanns með því að undirrita umsóknareyðublað um reikningsviðskipti.

Skilmálarnir gilda eftir því sem við á hverju sinni, enda sé ekki samið um aðra skilmála.

Þar sem skilmálum þessum sleppir gilda lög um lausafjárkaup nr. 50/2000 eða eftir atvikum lög um þjónustukaup nr. 42/2000.

1.1 Sér pantanir

Verslunartækni & Geiri ehf. tekur að sér að sér pantanir ákvæðnar vörur, vörumerki fyrir viðskiptavini sína. Þegar samningur um sérþöntun á sér stað ber viðskiptavini að greiða helming upphæðar sérþöntunarsamnings hverju sinni. Þegar greiðsla hefur átt sér stað mun Verslunartækni & Geiri ehf., panta inn umsamdar vörur. Aðrir skilmálar þessa samninings gilda um þær vörur sem eru sér pantad. P.e. skilmálar afhendingar, vöurskila o.frv.

2. Greiðsluskilmálar

Viðskiptamönnum ber að greiða reikning í samræmi við þá skilmála sem á honum eru tilgreindir. Athugasemdir við útgefna reikninga skulu berast seljanda innan 14 daga frá útgáfudegi, að öðrum kosti telst reikningurinn réttur.

Reikningar gjaldfalla **14. dögum frá útgáfudegi**. Eindagi er **5 dögum eftir gjalddaga**. Séu reikningar ógreiddir á eindaga reiknast hæstu lögleyfðu dráttarvextir af reikningsskuldinni frá gjalddaga reikningsins.

Seljanda er heimilt að stöðva afhendingu ef samið er um hana í áföngum, hafi greiðsla ekki borist vegna fyrri afhendinga. Stöðvun afhendingar er heimil fram að þeim tíma sem gjaldfallnar greiðslur hafa verið inntar af hendi eða lagðar fram fullnægjandi tryggingar fyrir þeim.

3. Afhending

Afhending vörum fer fram á starfsstöð seljanda á umsöldum afhendingartíma nema um annað sé sérstaklega samið.

4. Sending

Kaupandi ber ávallt allan kostnað af sendingu vörum nema um annað sé sérstaklega samið.

5. Viðtökudráttur

Sé vara ekki sótt innan umsamins tíma áskilur seljandi sér rétt til að senda hana til kaupanda á hans kostnað eða að öðrum kosti að annast hlutinn á kostnað kaupanda með þeim hætti sem sanngjarnit er miðað við aðstæður. Getur seljandi krafist geymslu- og/eða umsýslugjalds úr hendi kaupanda vegna umönnunar vörum eftir umsaminн afhendingartíma.

6. Áhættuskipti

Kaupandi ber ábyrgð á vörum frá því tímamarki sem hún er honum afhent eða hún er afhent flyttjanda ef um sendingu er að ræða, nema um annað sé sérstaklega samið.

7. Afhendingardráttur

Verði dráttur á afhendingu vörunnar til kaupanda vegna aðstæðna sem seljandi fær ekki við ráðið (force majeure) ber seljandi ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem verða kann vegna afhendingardráttarins. Hið sama á við verði afhendingardráttur á vörum vegna þess að hún kemur seint eða gölluð frá erlendum birgjum.

8. Vöruskil

Vörum er einungis hægt að skila ef eftirfarandi skilyrðum er fullnaegt.

- Varan er í sama ástandi og við afhendingu og án sjánlegra skemmda.
- Ekki er búið að vinna vörum á nokkurn hátt.
- Innan við 15 dagar eru frá afhendingu vörunnar.
- Varan er ekki sérþöntuð.

Við vöruskil fær kaupandi inneignarnótu frá seljanda fyrir andvirið vörunnar. Kostnaður af vöruskilum vegna atvika er varða kaupanda eru dregin frá inneignarfjárhæðinni. Ekki kemur til endurgreiðslu af hálfu seljanda við vöruskil. Seljandi leggur áherslu á að vara sé skoðuð þegar við móttöku.

Vörum fæst skilað gegn endurgreiðslu ef eftirfarandi skilyrðum er fullnaegt:

- Varan er sannanlega gölluð.
- Skriflegar athugasemdir um galla hafa komið fram án ástæðulauss dráttar.

9. Afpöntun

Kaupanda er óheimilt að afpanta vörum ef um sérþöntun er að ræða nema gegn því að greiða seljanda allt það tjón sem hann verður fyrir vegna afpöntunarinnar, þ.m.t. útlagðan kostnað, geymslurými o.s.fv.

10. Ábyrgð og ábyrgðartakmarkanir

Sé um neytendakaup að ræða gilda reglur laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 um ábyrgðartíma vegna galla. Sé um kaup vegna atvinnustarfsemi að ræða er ábyrgðartími 12 mánuðir.

Ábyrgðartími telst frá dagsetningu reiknings, eða frá dagsetningu afhendingartíma ef sá tími er sannanlega fyrir útgáfu reiknings.

Ábyrgð seljanda verður ekki virk nema með afhendingu reiknings.

Ef í ljós kemur á ábyrgðartíma að vara sé haldin framleiðslu- og/eða efnisgalla hefur seljandi heimild til að bæta á eigin kostnað úr gallanum með öflun varahluta og/eða viðgerð. Kaupandi ber sjálfur ábyrgð á kostnaði við að flytja vöru til viðgerðar.

Kaupandi á ekki kröfur á hendur seljanda vegna eiginleika hins keypta sem hann varð var við eða mátti verða var við kaupin.

Seljandi ber ekki ábyrgð á afleiddu tjóni vegna galla eða bilunar vöru á ábyrgðartimanum. Þá ber seljandi ekki ábyrgð á afleiddu tjóni sem verða kann af notkun vörunnar.

Ábyrgð á seldri vöru fellur niður ef:

- Verksmiðjunúmer hefur verið fjarlægt.
- Tjón verður sem stafar af rangri meðferð, misnotkun eða öðrum atvikum sem rakin verða til kaupanda (eða til aðila sem hann ber ábyrgð á).
- Um eðilegt slit vegna notkunar vöru er að ræða.
- Viðgerð eða tilraun til viðgerðar hefur átt sér stað án aðkomu starfsmanna seljanda.

Að öðru leyti en því sem að ofan greinir undanþiggur seljandi sig ábyrgð á seldum vörum að því marki sem lög heimila.

11. Söluveð

Kaupandi veitir seljanda söluveð í hinu keypta, sbr. lög nr. 75/1997 um samningsveð. Veðrétturinn nær til allra þeirra hluta sem greindir eru á reikningi. Vedðið er til tryggingar kröfu til alls endurgjalds sem greint er á reikningnum, ásamt vöxtum og kostnaði. Sé greitt með víxlum, skuldabréfum og/eða ávísunum helst söluveðið þar til skuld samkvæmt sliku skjali er greidd.

Hluti þá sem veðsettir eru má kaupandi ekki selja, veðsetja frekar, breyta eða skeýta við aðra hluti þannig að hætta sé á að söluveðið glatist án skriflegs samþykkis seljanda.

Ef vanskil verða á greiðslu þeirra krafna sem veðrétturinn nær til, getur seljandi leitað fullnustu kröfu sinnar með því að krefjast nauðungarsölu á veðandlaginu, án undangengins dóms eða aðfarar, eða rista söluveðsetningunni og krefjast afhendingar hins veðsetta.

12. Skaðsemisábyrgð

Um skaðsemisábyrgð fer eftir lögum nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð. Seljandi undanþiggur sig ábyrgð af sliku tjóni að því marki sem þau lög leyfa.